

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2021
Tilvísun: OS2021020001/0.2
Verknúmer: 1257000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um áform um lagasetningu um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna - Forkaupsréttur að landi

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við þá fyrirætlun sem kynnt er í gögnum þeim sem fylgdu málinu en vill vekja athygli á því að réttarstaða aðila hvað varðar auðlindanýtingu á landi gæti breyst við það að landareign flytjist yfir í opinbera eigu, svo sem er varðar hámarks leigutíma auðlindarnýtingar. Að því þarf að huga að réttinda þriðja aðila geti verið til staðar á grundvelli samningssambands sem þegar hefur verið stofnað til. Þetta getur átt við þar sem um er að ræða nýtingu á orkulindum svo sem vatnsbóli, námuvinnslu o.s.frv. Landareign getur jafnframt fylgt sameiginleg auðlind með öðrum landareignum svo sem jarðhitaauðlind sem talist getur sameign aðila.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við áform ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,



Guðni A. Jóhannesson

Afrit sent til:

Fylgiskjöl: